



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2023

Fullyrðingar Healing Iceland ehf. um lyfjavirkni CBD vara

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Healing Iceland ehf., rekstraraðila vefsíðunnar healingiceland.is, dags. 27. janúar 2023, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending vegna fullyrðinga félagsins um virkni og notkunarmöguleika CBD vara sem auglýstar væru til sölu á framangreindri vefsíðu félagsins ásamt framsetningu auglýsinga og annarra kynninga á vefsíðunni.

Í bréfi stofnunarinnar var tekið fram að á vefsíðu félagsins væru seldar CBD vörur af ýmsum toga frá framleiðandanum Sprota. Á síðunni væri jafnframt að finna ýmsar fullyrðingar um ágæti CBD og áhrif þess á heilsu manna þrátt fyrir að vörur félagsins væru í raun auglýstar sem snyrtivörur. Miðað við umfjöllun á vefsíðu félagsins væri að miklu leyti lýst lyfjavirkni viðkomandi vara í stað virkni þeirra sem snyrtivöru þrátt fyrir að vörurnar væru ekki skráðar sem lyf.

Í bréfinu vísaði stofnunin til þess að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, og ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013, kæmu til skoðunar í málinu.

Óskaði stofnunin eftir skýringum og/eða öðrum athugasemdum fyrirtækisins við erindi stofnunarinnar.

2.

Svar barst Neytendastofu með tölvubréfi, mótt. 15. febrúar 2023, þar sem félagið gerði grein fyrir athugasemdum sínum. Þakkaði félagið fyrir góð viðbrögð og að draga inn CBD vörur á Íslandi og koma öllum á sama flöt. Ástæða fyrir upplýsingum félagsins á vefsíðunni væri að félagið væri að missa viðskiptavinum vegna skorts á upplýsingum á vefsíðu félagsins. Við þessu



hafi félagið brugðist með því að skrifa alvöru grein um stöðu rannsókna á CBD og nota hana til að vitna í. Félagið hefði mátt skilgreina betur á milli upplýsinga um efnið CBD og upplýsinga um vörur þeirra. Fyrirtækið hafi tekið út mest af því sem minnst hafi verið á í bréfi stofnunarinnar.

Hvað varði grein félagsins sem stofnunin hafi bent á telji fyrirtækið ekki að um auglýsingu hafi verið að ræða, heldur grein um rannsóknir á CBD með viðeigandi heimildum. Þar sé ekki verið að benda á eiginleika vörunnar heldur stöðu rannsókna á CBD. Fyrirtækið muni gera betur í að skilgreina muninn á fræðigreinum og upplýsingum um vörur sínar.

Sproti og Healing Iceland hafi prófanir á öllum sínum vörum sem unnar séu af lyfjafræðingum í Bandaríkjunum og á Íslandi til að tryggja gæði og að allt sé eins og það eigi að vera. Fyrirtækið sé með allar vörur sínar skráðar í erlendum gagnagrunni og megi selja um alla Evrópu þar sem CBD seljist fyrir meira en billjón dala á ári. Mikið af rannsóknum liggi að baki sem styðji virkni á CBD tengdum vörum.

3.

Með bréfi Neytendastofu til Healing Iceland, dags. 15. maí 2023, benti stofnunin á að ákvæði 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 væri nokkuð afdráttarlaus um að bannað væri að fullyrða um að vara gæti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun. Strangar kröfur væru í gildi um sannanir á fullyrðingum þar um og þ.a.l. mikilvægt að heimildir þær sem stuðst væri við væru áreiðanlegar og marktækar. Beri að horfa á umfjöllun félagsins með það í huga, ásamt þeirri staðreynd að umrædd umfjöllun sé birt samhliða öðrum auglýsingum félagsins á vörum sínum, sem allar innihaldi CBD. Auk þess séu rannsóknir þær sem birtar séu sem heimildir við umrædda grein félagsins ekki án fyrirvara um áhrif CBD á þá kvilla sem voru til rannsóknar og yfirleitt vísað til þess að frekari rannsókna væri þörf. Þá beri ekki síður að líta til þess að það sé með öllu óheimilt að auglýsa snyrtivörur eins og um sé að ræða lyf, sbr. 33. gr. efnalaga.

Þá kunni það jafnframt að reynast villandi að birta fullyrðingar um virkni CBD á einstaklinga ef nauðsynlegt sé að neyta vörunnar í gegnum munn til að hljóta ávinning af, enda óheimilt að markaðssetja CBD til inntöku á Íslandi.

Stofnunin bendi á að í grunninn sé ekkert því til fyrirstöðu að birtar séu ritrýndar greinar um virkni CBD. Birting slíkrar rannsóknar þyrfti þó að vera óháð og án samtengingar við ákveðna vöru. Hafa beri í huga að grein sú sem sé til umræðu í máli þessu og beri heitið „*Hver er staðan og hvað vitum við í dag?*“ sé skrifuð af meðeiganda félagsins og birt sem færsla á heimasíðu þess. Þá sé með greininni að finna mynd af vöru félagsins og kunna þ.a.l. að myndast hugrenningartengsl á milli fullyrðinga í greininni og vara félagsins. Þá þurfi að hafa í huga að neytendur geti stólað um of á birtar fullyrðingar um virkni efnisins á heilsu þeirra, bæði líkamlega og andlega. Það geti ýtt undir ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti og gæti orðið til þess að þeir taki viðskiptaákvörðun sem þeir hefðu annars ekki tekið.



Til viðbótar fullyrðingum þeim sem greint var frá í fyrra bréfi stofnunarinnar hafi stofnunin eftirfarandi athugasemdir:

- Undir „Sproti“ og í undirkaflanum „*hvar erum við í dag með CBD?*“ á vefsíðu félagsins sé jafnframt að finna sambærilegar fullyrðingar og undir greininni sem vísað sé til hér að framan, þar sem fjallað er um áhrif CBD á flog, kvíða, svefnleysi, sársauka og verki, og fíkn. Sambærileg sjónarmið gildi þ.a.l. um fullyrðingar þessar og þau sem fram hafi komið um fullyrðingar í greininni „*CBD – Hver er staðan og hvað vitum við í dag?*“.
- Undir „Íslenskt hugvit hjálpar fólki að ná árangri“ komi fram: 1) „*Það er mjög algengt að fólk í dag sé yfirkeyrt af álagi, streitu og kvíða. Bólgur, svefnvandamál og taugaverkir verða sífellt algengari og margir glíma við áfallastreituröskun. Prófanir sýna að CBD olíur geta hjálpað mjög við öllum þessum vandamálum og sum hafa náð góðu jafnvægi í sínu lífi og líðan með notkun CBD olía.*“ og 2) „*Þessar olíur hafa hjálpað mörgum að ná frábærum árangri og geta hjálpað til við að vinna á mörgum vandamálum eins og taugaverkjum, höfuðverki, kvíða, mígreni, bólgu, áfallastreituröskun, svefnvandamálum, gigt, sóriasis, ADHD, einbeitingarleysi, vanlíðan, pírringi, ógleði, parkinson, ms, endómetríósu og mörgu fleiru. Íþróttafólk notar einnig í auknum mæli CBD sem fæðubótarefni til að viðhalda orku, bæta endurheimt og líða vel í eigin skinni.*“
- Á undirsíðunni „Healing Iceland græða sárin með mætti CBD“ komi fram: „*CBD er algert ofur fæðubótarefni. Það hefur frábær áhrif á taugakerfið, hjartað, heilann og fleira. Svo hefur það andoxandi áhrif sem þýðir að það vinnur á móti krabbameinsvaldandi áhrifum. CBD hjálpar líkamanum að halda sér í réttu róli.*“

Benti stofnunin á að hún teldi að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt 17. töluliðar 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, og ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga, kæmu til athugunar við mat á lögmæti framangreindra fullyrðinga.

4.

Með tölvubrési frá Healing Iceland, mótt. 26. maí 2023, var stofnuninni tilkynnt um að efnið hafi verið tekið út af vefsíðu félagsins.

Staðfesti stofnunin í framhaldinu móttöku og tjáði félaginu að tekið yrði mið af því við töku ákvörðunar í málinu.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum um virkni og notkunarmöguleika snyrtivara sem auglýstar eru á vefsíðu Healing Iceland ehf., healingiceland.is, ásamt framsetningu auglýsinga og



kynninga á vefsíðunni. Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæða 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í svörum félagsins var því m.a. haldið fram að grein á vefsíðu félagsins væri fræðigrein sem fæli í sér samantekt á niðurstöðum rannsókna um virkni CBD í dag með vísan til viðeigandi heimilda. Benti stofnunin á að líta bæri á viðkomandi grein sem markaðsefni fyrir vöru félagsins, enda bæði skrifuð af meðeiganda í félaginu og birt á vefsíðu félagsins þar sem jafnframt fer fram kynning og sala á CBD vörum undir vörumerkinu „Sproti“. Þá var á það bent að óháð stöðu rannsókna væri enn óheimilt að markaðssetja og selja CBD vörur hér á landi eins og um lyf væri að ræða. Strangar kröfur gildi jafnframt um sönnun á fullyrðingum sem lúta að heilsu manna og þ.a.l. mikilvægt að á bakvið þær séu áreiðanleg og afgerandi gögn. Bætti stofnunin ákveðnum birtum heilsufullyrðingum á vefsíðu félagsins við málið með seinna bréfi sínu.

Eftir seinna bréf stofnunarinnar fjarlægði Healing Iceland efnið af vefsíðu sinni.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.



Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Í 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga er kveðið á um að óheimilt sé að villa um fyrir neytendum með auglýsingu, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum eða framsetningu efna og efnablandna ásamt því að óheimilt sé að fullyrða í auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Þá er í 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun.

3.

Í máli þessu liggur fyrir að Healing Iceland birti á vefsíðu sinni, healingiceland.is, markaðsefni sem innihélt fullyrðingar um lyfjavirkni efnisins CBD. Á vefsíðu sinni selur félagið snyrtivörur sem innihalda sama efni. Vísaði félagið til þess að grein á vefsíðu félagsins, með yfirheitið „*Hver er staðan og hvað vitum við í dag?*“ hafi aðeins átt að fela í sér lýsingu á stöðu CBD í dag með hliðsjón af rannsóknum á efninu og með vísan til viðeigandi heimilda. Því hafi í raun verið um fræðigreina að ræða. Eins og áður hefur komið fram telur stofnunin að meta verði markaðsefni félagsins heildstætt og í tengslum við þær vörur sem félagið selur á vefsíðu sinni. Í tilviki Healing Iceland var umrædd grein birt samhliða öðru markaðsefni eins og um færslu á heimasíðu félagsins væri að ræða og meðfylgjandi greininni sjálfri var jafnframt að finna mynd af snyrtivöru sem félagið selur á sömu vefsíðu. Þá var einn eigandi félagsins höfundur hennar. Er það mat stofnunarinnar að greinar sem eru birtar með þessum hætti verði að telja sem hluta af markaðsefni félagsins fyrir vöru sína, enda ótækt að neytendur þurfi að greina á milli annarra umfjallana og umræddrar greinar. Telur stofnunin ljóst strangar sönnunarkröfur gildi um fullyrðingar sem eiga við um áhrif ákveðins efnis á heilsu manna og mikilvægt að heimildir þær sem viðkomandi seljandi vísar til séu afdráttarlausar og áreiðanlegar um raunveruleg áhrif efnisins á heilsu þeirra. Þá telur stofnunin ekki hægt að líta framhjá því að hér landi er óheimilt að auglýsa lyfjavirkni snyrtivara sem hafa ekki verið skráð sem lyf hér á landi og/eða viðkomandi félag ekki fengið markaðsleyfi til að selja vöruna sem lyf hér á landi, sbr. 4. mgr. 33. gr. efnalaga. Með slíkum fullyrðingum og kynningarefni, sem að mati Neytendastofu verður að telja að sé í beinum tengslum við sölu og markaðssetningu á vörum félagsins, er verið að fullyrða um eiginleika og hlutverk sem eiga almennt ekki við um snyrtivörur.



Þá birti félagið á ýmsum stöðum á vefsíðu sinni sambærilegar fullyrðingar um virkni CBD á heilsu manna. Þar mátti sjá fullyrðingar þar sem m.a. var fullyrt að CBD hjálpi við kvíða, streitu, stressi, áfallastreituröskun, svefn vandamálum, taugaverkjum, hausverk, mígreni, bólgum, gigt, MS, endómetríósu og PTSD, svo eitthvað sé nefnt, eða kunni að lækna aðra kvilla. Eins og áður greinir er með slíkum fullyrðingum verið að markaðssetja CBD snyrtivörur félagsins eins og um lyf sé að ræða með breiða virkni á hina ýmsu kvilla sem kunna að hrjá neytendur. Fullyrðingar á þá vegu í markaðsefni fyrir snyrtivörur eru óheimilar, sér í lagi þegar fjallað er um óstaðfesta lyfjavirkni þeirra. Er það mat stofnunarinnar að með því að birta fullyrðingar um lyfjavirkni snyrtivara með efninu CBD hafi félagið verið að halda því ranglega fram að vörur þeirra geti læknað sjúkleika eða röskun á líffærstastarfsemi neytenda.

Neytendur eiga jafnframt að geta gengið út frá því að fullyrðingar um eins mikilvæga hagsmuni og heilsu þeirra standist og séu ekki villandi um raunverulega virkni viðkomandi vöru. Gildir það ekki síst þegar um er að ræða snyrtivöru sem er sögð hafa virkni sem lyf og krefst markaðsleyfis til að heimilt sé að selja viðkomandi vöru hér á landi. Er hætt við að neytendur stóli á birtar upplýsingar um virkni efnisins á heilsu þeirra, bæði líkamlega og andlega. Telur stofnunin að það kunni að ýta undir að neytendur taki ákvörðun um viðskipti á grundvelli þessara upplýsinga, sem þeir hefðu annars ekki tekið, sér í lagi þegar fullyrðingarnar lúta að eins mikilvægu atriði og heilsu manna. Er það því mat stofnunarinnar að viðskiptahættir þessir séu til þess fallnir að valda því að hinn almenni neytandi sem fullyrðingarnar beinast að taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Með vísan til alls framangreinds hefur Healing Iceland, með því að fullyrða um lyfjavirkni CBD í markaðssetningu fyrir vörur sínar undir vörumerkinu „Sproti“, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, auk ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra fullyrðinga sem um ræðir og þess að brotið er gegn viðskiptaháttum sem í öllum tilvikum teljast óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Healing Iceland ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og að því virtu að félagið fjarlægði



hinar umdeildu fullyrðingar undir rekstri málsins telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Healing Iceland stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000,- (eitt hundrað þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Healing Iceland ehf., Tröllakór 10, 203 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003 og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með fullyrðingum um lyfjavirkni snyrtivara á vefsíðu félagsins.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Healing Iceland ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 5. september 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir